



Kvenfélag Garðabæjar

Garðabær, 27. júní 2023

Bæjarráð Garðabæjar

Vt. Almar Guðmundsson, bæjarstjóri

Félagskonur Kvenfélags Garðabæjar eru þakklátar fyrir jákvæð viðbrögð bæjarráðs við erindi félagsins um að fá að hafa hátíðarhlaðborðið í Sveinatungu á 17. júní, sem vísað var til bæjarstjóra til afgreiðslu og úrlausnar. Það var ánægjulegt að sjá hve hátíðarhlaðborðinu var gert hátt undir höfði í auglýsingum og kynningum bæjarins á dagskráratriðum 17. Júní.

Við viljum einnig koma á framfæri þakklæti okkar til bæjarstarfsmanna sem tóku við boltanum og unnu ötullega að þessu verkefni.

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari sá alfarið um samskipti við starfsmenn Áhaldahússins vegna borða og stóla, hann var vakinn og sofinn yfir verkefninu og skipulaginu. Hann leyfði okkur m.a. að halda undirbúningsfund í Sveinatungu og fylgdi því vel eftir að allt væri til staðar fyrir hlaðborðið, meðan á því stóð og eftir að því lauk.

Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi, sér um allt sem viðkemur Fjallkonu Garðabæjar og er gott að vita af skautbúningi félagsins í hennar traustu höndum. Hún hefur komið á góðu samstarfi vegna skautunar fjallkonunnar sem og að fá ungar konur til að bera hann síðustu ár. Bryndís Ásta Magnúsdóttir stóð sig einstaklega vel og heilsaði upp á gesti í kaffihlaðborðinu, bæði úti og inni. Ólöf sá einnig um að flutt var ljúf tónlist á meðan gestir gæddu sér á veitingunum og var tónlistarflutningur í höndum þeirra Matthíasar, sem spilaði á gítar og Einars Arnar sem söng og má segja að þetta unga fólk hafi unnið hug og hjörtu viðstaddra.

Starfsmenn Áhaldahússins undir stjórn Daníels mættu með borð og stóla, röðuðu rösklega upp og snerust í kringum okkur, þeir voru heldur ekki lengi að taka saman eftir að kaffisölunni lauk.

Við færum öllum þeim sem að þessu verkefni komu þakklæti fyrir mikið og gott samstarf, fyrir einstaka ljúfmennsku og vinnugleði. Það er dýrmætt fyrir Kvenfélag Garðabæjar að eiga stuðning bæjarins að og að finna einnig undirtektir bæjarbúa sem sýna stuðning sinn með því að mæta og finnst kaffihlaðborðið ómissandi og auka á hátíðleikann á 17. júní. Sveinatunga og torgið fyrir framan iðaði af lífi og gleði með þátttöku bókasafnsins og því sem var í boði fyrir börnin, sannkölluð fjölskyldustemmning.

F.h. Kvenfélags Garðabæjar,
Halldóra Björk Jónsdóttir, formaður